



### 368. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn á nefndasviði Alþingis þann 22. mars 2010. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Helgi Hjörvar, Sigurður I. Jóhannesson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir, Þuríður Backman, Ólafur Örn Haraldsson, Einar Á. Sæmundsen og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð. Kjartan Ragnarsson og Sigríður M. Guðmundsdóttir mættu vegna 1. dagskrárliðar, Kristbjörn H. Björnsson og Svava Lóa Stefánsdóttir mættu vegna 2. dagskrárliðar, Lilja Jónsdóttir og forsvarsmenn Félags sumarbústaðaeigenda í Kárastaðalandi vegna 3. dagskrárliðar.

Þetta gerðist:

1. Kjartan Ragnarsson og Sigríður Margrét Guðmundsdóttir frá Landsnámssetri Íslands kynntu hugmyndir sínar um uppbyggingu *Sögualdarseturs* á Þingvöllum:
  - Sögualdarsetrið yrði sýning frá stofnun Alþingis árið 930 - 1056. Á sýningunni yrði gefin u.þ.b. ½ klst „*Sýn á söguöldina*“ og einnig fjallað um „*Fólk í gegnum allar aldir á Þingvöllum*“.
  - Staðsetning á þjónustuhúsi í Þjóðgarðinum. Hugmynd Kjartans og Sigríðar er að reisa aðstöðu á Valhallarreit eða við Fræðslumiðstöð á Haki.

Kjartan og Sigríður bjóða Þingvallanefnd að halda fund í Landnámssetrinu í Borgarnesi.

Þorgerður Katrín mætti 10:18

Ragnheiður Elín mætti 10:25

2. Kristbjörn Helgason og Svava Lóa Stefánsdóttir kynntu hugmynd um byggingu torfbæjar á Þingvöllum. Verkefnið nefnist „*Aftur til fortíðar*“ og er gerð tillaga um staðsetningu á Skógarhólum. Lögð var fram fullbúin viðskiptaáætlun og bæklingur um verkefnið.

Hugmyndin er að starfsemin á Skógarhólum skiptist í tvennt:

- Gisting í bænum, með 68 gistirýmum þar sem boðið yrði upp á gistingu frá maí til september ár hvert og á sérpantanir að vetrinum til.
- Sýningu. Þar yrði öll aðstaða eins og á tímum torfbæja, dagleg störf við mjaltir og umhirðu dýra, slátt, handverk, saumaskap og kvöldvökur. Þar fengju gestir að upplifa þjóðveldisöldina eins og hún var.

Á svæðinu er gert ráð fyrir stórum stór skála, stafkirkju, smiðju, fjósi og fjórum þingbúðum. Byggingar yrðu umhverfisvænar, þannig að ef rekstrargrundvöll þrýtur er hægt að rýma svæðið án þess að teljandi rask yrði á landi.

Markmið verkefnisins er að leyfa gestum að upplifa þjóðveldisöldina og miðla sögu þjóðarinnar til ferðamanna. Einnig að varðveita þær menningargersemar sem felast í handverki ásamt því að bjóða upp á gagnvirka og lifandi miðlun til ferðamanna.

Puríður Backman mætti kl.11.00

Félag sumarbústaðaeigenda í Kárastaðalandi. Gunnar V. Guðmundsson, Jóhannes Halldórsson, Páll Jóhannesson lögfræðingur og Jóhann Steinarsson kynntu starfsemi félagsins. Í Kárastaðalandi eru 34 bústaðir við Efri- og Neðristíg. Stefnt er að því að stækka félagið svo það nái til allra bústaða í Kárastaðalandi.

Félagið óskaði eftir fundi með nefndinni vegna fréttáflutnings á þá leið að allir sumarbústaðir ættu að vera horfnir af Þingvöllum 2024. Þessi fréttáflutningur er rangur. Í stefnumörkun þjóðgarðsins 2004-2024 kemur fram að stefnt skuli að því að þjóðgarðurinn neyti forkaupsréttar þegar bústaðir bjóðast til sölu og taki yfir lóðir þegar leigusamningar renna út og skal í upphafi lögð mest áhersla á Gjábakkasvæðið. Forkaupsréttur hefur aldrei verið nýttur.

Stefna Þingvallanefndar er að fylgja samþykktri stefnumörkun innan þjóðgarðsins. Staðan í dag er sú þjóðgarðsvörður og Lilja Jónasdóttir eru að vinna við tillögur að nýjum byggingarskilmálum og lóðarleigusamningum innan þjóðgarðsins og er stefnt að því að ljúka þeirri vinnu í maí. Ekki hefur verið farið í að endurskoða stefnumörkun en vilji nefndarinnar stendur til þess að fylgja eftir því sem þar segir um að ekki verði byggðir fleiri bústaðir innan þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Rætt var um að skv. nýlegum lögum um frístundabyggð er sumarhúsaeygendum í slíkum byggðum skylt að vera í sérstöku félagi sem slíkir, en þau ákvæði gilda ekki um sumarhús í þjóðgarðnum á Þingvöllum. Sumarhúsaeygendum er því frjálst að stofna slíkt félag, eitt eða fleiri, að vild.

Félag sumarhúsaeygenda í Kárastaðalandi óskaði eftir góðu samstarfi um allt er varðar framtíðaráætlanir fyrir sumarhúsaeygð innan þjóðgarðsins.

3. Fosshótel, Davíð Ólafsson.  
Frestað
4. Fyrrverandi veitingamaður á Hótel Valhöll, Úlfar I. Þórðarson.  
Frestað
6. Framkvæmdaáætlun 2010. Tilkynnt um heimild til að ljúka við aðkallandi verkefni á þessu ári og er stefnt að því að greiða fjárheimildina, 20 milljónir króna niður á næstu tveimur árum.  
Verkefnalisti árið 2010:
  - Framkvæmdir á Haki, gangsetja annað snyrtihúsið með níu salernum fyrir maflok.
  - Á Valhallarreit verða sett upp fjögur gámasalerni.
  - Setja upp lýsingu og ljúka við frágang í kringum kirkjuna en það er forsenda þess að setja megi nýtt gólf í kirkjuna.
  - Innan þjóðgarðsins er í gildi reglugerð um vatnsöflun og frárennsli. Litlar upplýsingar eru tiltækar um stöðu þessara mála. Þjóðgarðurinn mun hafa frumkvæði að þessari vinnu ásamt að fá Heilbrigðiseftirlit Suðurlands til að vinna með sér að öflun þessara upplýsinga.
  - Þingstaðaverkefni, 3 ára verkefni. Þjóðgarðurinn leggur út 1,5 mkr. í þrjú ár.

- Viðhald göngustíga. Göngustígur hjá Silfru, Almannagjá, við þinghelgina og gamla bæinn.
- Skiltagerð og merkingar.
- Uppfærsla heimasíðu.

Framkvæmdaáætlun samþykkt og þjóðgarðsverði falið að halda utan um reksturinn þannig að hann falli innan fjárheimilda.

4. Samþykkt var að hækka gistigjöld innan þjóðgarðsins úr 700 kr. í 1000 kr. nóttina. Hækkunin er til samræmis við gistingu í nágrenni þjóðgarðsins.
5. Valhallarstígur nyrðri nr 12.  
Lagt var fram erindi Lilju Jónasdóttir dags. 21.3.2010 um að nefndin falli frá forkaupsrétti vegna framsals dánarbús Ingólfs Guðbrandssonar til Vilborgar Ingólfsdóttur.  
Þingvallanefnd samþykkur að falla frá forkaupsrétti. Nefndin bendir á að allir lóðarleigusamningar í þjóðgarðinum renna út 31.12.2010 og eru þeir ásamt byggingarskilmálum til endurskoðunar. Nefndin áréttar af þessu tilefni samþykkt frá 353. fundi Þingvallanefndar þann 6. mars 2008, um að ekki verði veittar heimildir til nýbygginga eða til endurgerða á sumarhúsum í þjóðgarðinum fyrr en að endurskoðun lokinni.
6. Valhallarstígur syðri nr. 8  
Lagt var fram að nýju erindi byggingarfulltrúa uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps dags. 27. jan. 2010 varðandi Valhallarstíg syðri nr. 8.  
Þingvallanefnd óskar eftir afstöðu Skipulags- og bygginganefndar Uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps til umsagnar Einars Á. E. Sæmundsen um stækkun glugga til N/NNA og glerskála til norðurs. Einnig er sérstaklega óskað eftir afstöðu byggingafulltrúa til steypis veggs sem ekki er í samræmi við fyrirbyggjandi samþykktar teikningar.
7. Erindi Sigrúnar Helgadóttur.  
Frestað.
8. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12. 20.